

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Akureyrarbæ, nr. 6/2025.

1. gr.

2. og 4. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis að Réttarhvammi, gegn framvísun 16 skipta klippikorts, sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m³, sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Aukakort fyrir einstaklinga kosta: 16 skipta klippikort 14.600 kr., 8 skipta klippikort 7.300 kr.

Sérstakt gjald er lagt á móttöku á malbiksbroti, og móttöku á múr- og glerbroti, ef það er umfram eðlilega heimilislosun, sbr. 5. gr.

Umsýslugjald vegna breytingar á þjónustu er 4.000 kr. Gjald fyrir aukalosun á tunnum (innan tveggja daga) er 9.000 kr. en við það gjald bætist losunargjald íláta. Gjald fyrir aukalosun gáma (innan tveggja daga) er 6.000 kr. og við það gjald bætist losunargjald íláta.

2. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir móttöku á malbiksbroti á Malbikunarstöð Akureyrar, skal greiða 7,56 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

Fyrir losun úrgangs vegna götusópunar (olíuskilja) skal greiða 7,56 kr./kg.

Fyrir móttöku á múr- og glerbroti, sem er umfram eðlilega heimilislosun, að Sjafnarnesi 2-4, skal greiða 9,12 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

Fyrir móttöku á malbiksbroti og múr- og glerbroti frá öðrum sveitarfélögum eða aðilum með lögheimili utan Akureyrar skal greiða 80,42 kr./kg.

Ef úrgangur er blanda af múr og gleri eða í honum er annar úrgangur skal greiða 80,42 kr./kg.

3. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Til þess að fá aðgang að Jaðri, moldarlosunarsvæði, skal greiða árgjald og er það 5.000 kr.

Gjaldskrá að Jaðri miðast við losun fyrir einn mánuð í senn 1.-31. hvers mánaðar.

Lágmarkslosunargjald fyrir hvern mánuð er 6.830 kr.

Ef 2-15 m³ eru losaðir innan mánaðar greiðast 3.415 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 6.600 kr.

Sé losun meiri en 15 m³ innan mánaðar greiðast 430 kr. fyrir hvern losaðan m³, lágmarksgjald er þó alltaf 6.830 kr.

4. gr.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá nr. 6/2025 er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarkaupstað nr. 670/2011, 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auglýsingin tekur gildi 1. janúar 2026.

Gjaldskrárbreytingin var samþykkt í bærarstjórn Akureyrarbæjar 2. desember 2025.

F.h. Akureyrarbæjar, 11. desember 2025.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bjarlögmaður.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025